

S T A R F S R E G L U R
um biskupafund nr. 34/2022-2023.

1. gr.

Biskup Íslands boðar vígslubiskupa til biskupafundar og stýrir honum.

2. gr.

Biskupafundur er haldinn ársfjórðungslega og oftár ef þurfa þykir.

3. gr.

Biskupafundur fjallar um málefni sem starfsreglur, ályktanir og samþykktir kveða á um varðandi trú og kenningu kirkjunnar, helgisiði og helgihald. Biskupafundur býr mál er varða trú, kenningu, helgisiði og helgihald í hendur kirkjuþings.

4. gr.

Biskupafundur er haldinn til samráðs um biskupsþjónustuna og upplýsinga um málefni kirkju og kristni.

Biskupafundur skipuleggur vísitásiur biskups Íslands og vígslubiskupa og gerir samræmda áætlun um þær.

5. gr.

Biskupafundur endurskoðar árlega skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Biskupafundur gerir tillögur um þau efni á grundvelli starfsreglna, þingsályktana og stefnumörkunar kirkjuþings og býr mál er varða breytingar í þeim efnunum í hendur kirkjuþings.

Biskupafundur fjallar auk þess um allar tillögur um þessi efni sem kunna að berast og býr þær til flutnings á kirkjuþingi eftir því sem málavextir gefa tilefni til og greinir kirkjuþingi frá málsmeðferð.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla brott starfsreglur um biskupafund nr. 964/2006 frá sama tíma.

Samþykkt á kirkjuþingi í einni umræðu 24. október 2022 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.